

**Varðar: Flókagötu 39 - umsögn skipulagfulltrúa**

Lögð fram fyrirspurn Sigríðar Sigurðardóttur, dags. 4. júlí 2024, um gistingu í heimahúsi á lóð nr. 39 við Flókagötu.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd, tekin af Já.is

**Skipulag í gildi**

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulaginu tilheyrir Flókagata 39 borgarhluta 3 Hlíðar og er á skilgreindu íbúðasvæði ÍB14 Holt - vestur.

Ekkert deiliskipulag er í gildi á lóðinni.

**Umsögn**

Húsið á lóð nr. 39 við Flókagötu er íbúðarhúsnæði, byggt árið 1944 skv. fasteignaskrá. Óskað er umsagnar skipulagsfulltrúa á því hvort að heimiluð yrði heilsársgisting í heimahúsi að Flókagötu 39.

Samkvæmt aðalskipulagi er lóðin og byggingin staðsett á íbúðasvæði, en á íbúðasvæðum er almennt gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði ásamt tilheyrandi opinberri grunnþjónustu, almennri verslun og þjónustustarfsemi og minni útivistarsvæðum. Í íbúðarbyggð er aðeins heimilt að vera með gistileyfi í flokki I, heimagistingu í 90 daga á ári.

Niðurstaða:

- Gerðar eru skipulagslegar athugasemdir við heilsársgistingu í íbúð á lóð nr. 39 við Flókagötu, samræmist ekki aðalskipulagi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur  
Birgitta Rut Skúlac. Hjörvar, verkefnastjóri